# Samkomulag milli Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands árið 2011

Háskóli Íslands og Þjóðminjasafn Íslands hafa um árabil verið nánir samstarfsaðilar og nágrannar. Stofnanirnar hafa gert með sér samning sem hefur það að markmiði að efla samstarf þeirra á milli, m.a. um kennslu, rannsóknir og miðlun. Starfsemi Háskólans og Þjóðminjasafnsins tengist á margan hátt og með samningnum hyggjast þessar stofnanir leggja saman krafta sína og nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu sem þær búa yfir. Háskóli Íslands og Þjóðminjasafn Íslands hafa enn fremur átt í óformlegu samstarfi, t.a.m. um stefnumörkun og fyrirlestrahald en fjöldi fyrirlestra á vegum Háskóla Íslands er haldinn í Þjóðminjasafninu.

Þau tímamót sem fram undan eru, aldarafmæli Háskóla Íslands árið 2011, gefa þessum rannsókna- og menningarstofnunum færi á að styrkja samstarfið enn frekar, s.s. með því að taka höndum saman og stuðla að aukinni umræðu og fræðslu til almennings um ýmis verðug málefni sem erindi eiga við samtímann.

Þjóðminjasafnið hefur á síðustu árum vaxið og eflst, sérstaklega eftir að safnið opnaði á ný eftir gagngerar endurbætur og er það nú einskonar gátt að háskólasvæðinu og vinsæll samkomustaður ferðamanna, stúdenta og starfsmanna Háskóla Íslands og almennings.

Eftirfarandi markmið og verkefni eru hugsuð til að styðja við starf beggja stofnana og minnast tímamóta Háskólans með skemmtilegum, óvæntum og áhugaverðum hætti. Að afmælisári loknu er markmiðið að samstarfið eflist enn frekar í takt við markmið og stefnu stofnananna. Þannig verði stefnt að því að auka tengsl Háskólans og Þjóðminjasafnsins, nemenda, starfsmanna og gesta þess til framtíðar.

**Markmið**

Í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands hyggjast Háskóli Íslands og Þjóðminjasafn Íslands vinna að eftirfarandi markmiðum á afmælisárinu:

1. Minnast aldarafmælis Háskóla Íslands með sameiginlegum hætti.
2. Opna Háskóla Íslands enn frekar almenningi og líta á Þjóðminjasafnið í þeim efnum sem „gátt“ að háskólasvæðinu.
3. Auka áhuga almennings á starfsemi Þjóðminjasafns og Háskóla Íslands.
4. Auka áhuga stúdenta við Háskóla Íslands á Þjóðminjasafninu og tengja safnið fleiri námsbrautum en nú er. Kynna stúdentum þann vettvang sem Þjóðminjasafnið er bæði fyrir verklegt nám og verkefnavinnu og einnig gagnasöfn Þjóðminjasafnsins sem nýst geta stúdentum í lokaverkefnum.
5. Auka fjölbreytni í afþreyingu fyrir almenning. Sérstök áhersla verður lögð á að skapa umhverfi og vettvang fyrir hópa sem eru ekki vanir að sækja háskólafyrirlestra.

**Markhópar**

- Stúdentar í Háskóla Íslands
- Almenningur, þ.m.t. eldri borgarar og aðrir þeir sem hafa rúman tíma.